


Aldingarðurinn í Kristnesi árið 2006



Inngangur:

Það er hlutverk þessarar skýrslu að gefa mynd af því hvaða tegundir og yrki eru ræktuð í aldingarðinum í Kristnesi og að einhverju leiti hvaða árangur hefur náðst og þá ekki síst í sumar.

Tíðarfar.

Síðari hluti desember, janúar og febrúar voru afar hlýir. Til marks um það byrjaði töfratré að blómstra í janúar og man ég ekki eftir því fyrr. Eftir afar hlýjan vetur kom svo kaldur maí með frostum. Sem sagt ekki það besta fyrir þau plöntur sem hættir til að lifna snemma.

Nýungar og framfarir.

Berjagarðurinn var stækkaður umtalsvert í sumar með nýrri girðingu. Vatnslöng var endurnýjuð. Nýræktin var sléttuð og komið upp nýjum hliðum. Þá voru jarðarberjabeð endurnýjuð og ný beð gerð fyrir nýjar plöntur, þau plöstuð og loks gróðursett.

Hvanneyrar pakki.

Þann 7/6 sóttum við Jóhannes elst sonur minn 8 plöntur af berjablátoppi og 28 plöntur af plómum frá Hvanneyri. Þá fengum við styrk frá norræna genabankanum til varðveislu erfðaefnis á sviði berja- og aldiræktar. Það var Samson B. Harðarson sem hafði milligöngu um þessi atriði.



Berjablátoppur og plómur ný gróðursett og svo um miðjan október. Um vorið er berjablátoppur kominn í vöxt og plómurnar rétt að lifna. Í október eru plómur íða grænar meðan berjablátoppur er lauslaus.

Einstaka tegundir.

Blárifs 'Perla' 1999.

Plantan hefur aldrei þrifist né borið ávöxt. Stækkar þó frekar en hitt. Líklega stendur hún á of þurrum stað.

Rifs:

1. Sjálfsáningur Kristnesi 1999
2. Sjálfsáningur Kristnesi 1999
3. Sjálfsáningur Kristnesi 1999
4. Hvít Kristnesk Sjálfsáningur Kristnesi 1999
5. Rauð Hollensk Kjarni/ Danmörk 1999
6. Noregur 2000
7. Noregur 2000
8. Jonkheer Van Tets Blómaval 2006

Rifsíð lét sem endranær ekkert á sjá vegna veðurs. Fyrst var týnt 24/8 hálf þroskað í hlaup og síðast 15/9 en þá var allt fullþroskað. Það er lítilsháttar munur milli runna.



Október 2006. Rifsíð gult, eplin græn, sólber búin að fella og í fjarska gulir stikilsberjarunnar.

Sólber:

1. Melalathi 1999
2. Melalathi 1999
3. Melalathi 1999
4. Nikkala 1999
5. Jankisjarvi 1999
6. Sunderbyn II 1999
7. Nikkala 2000
8. Benalder 2002
9. Bensaker 2002
10. Imandra 2002
11. Polar 2002
12. Sjálfsáningur Kristnes. 2002
13. Storklas 2006
14. Storklas 2006
15. Erkeikki 2006
16. Wellington xxx 2006
17. Triton 2006

Sólber voru farin að lifna í maí kuldunum en urðu þó ekki fyrir skaða nema Imandra sem missti alla blómgun. Berin á öllum öðrum runnum þroskuð um mánaðarmót ágúst-september, nema Benalder og Bensaker sem eru áberandi seinna á ferðinni og þroskast á sama tíma og rífsið. Runnar frá 2006 báru ekki ber.



Stikilsber:

1. Hinomaen gul 1999
2. Hinomaen gul 2000
3. Hinomaen rauð 2000
4. Hinomaen rauð 2002
5. Packalen 2006



Stikilsber hinomaen rauð í lok september eða byrjun október

Stikilsber uxu áfallalaust að venju og þroskuðu ber seint í september og byrjun október sérstaklega það rauða sem virðist öllu seinna á ferðinni en það græna (Hinomaen).

Sólstikilsber 2003.

Blómstraði en bar ekki aldin. Tuskulegt, hefur stækkað en aldrei borið ber.

Berjablátoppur:

1. Kamtjaka 2002
2. Amfora 2006
3. Amfora 2006
4. Fialka 2006
5. Lebeduska 2006
6. Morena 2006
7. Nimfa 2006
8. Óskilgreint 2006
9. Óskilgreint 2006

Berjablátoppurinn er rússnesk nytjaplanta. Þessir runnar sem eru í berjagarðinum hafa enn ekki gefið ber. Vöxturinn virðist vera afar hægur, auk þess laufgast hann mjög snemma. Planta ættuð úr Lystigarðinum, og staðsett í heimilisgarðinum gaf nokkur æt ber í sumar.



Berjablátoppber úr Heimilisgarðinum í Kristnesi

Hindber:

1. (Bodö) 1999 villi ber.
2. Balder 2002
3. Bohem 2002
4. Gamla Akureyri 2002
5. (frá Gyðu) 2002
6. Ottawa 2002
7. Ottawa 2004
8. Ottawa 2005
9. Jenkka 2005
10. Maurin Makea 2005
11. (Kópavogur) 2005 fræplanta, vond ber.
12. (Sjálfsáningur) 2005 Kristnesi
13. Bodö 2005

Hindberin fóru illa vegna vorkals. Ýmist voru sprotar heil eða hálf kalnir. Ottawa virðist vera einna verst farið. Þrátt fyrir það var kalið ekki meira en svo að svolítill uppskera fékkst af hindberjum. Sérstaklega af yrkinu sem ég kalla 'Gamla Akureyri' og hefur til þessa reynst duglegast þeirra yrkja sem hér eru í ræktun þó berin séu smá. Fyrsta hindberja uppskeran var 2/9 þá voru týnd ber á 'Gömlu Akureyri', 'Jenkka' og 'Balder'. Önnur yrki gáfu ekki uppskeru annaðhvort vegna þess að þau voru of ung eða of kalin.

Það er samt ekki alveg rétt þetta með uppskeru tímum, því ég gleymdi villihindberjum frá Bodö sem vaxa utan beðs því þau minna meira á lyng en runna, þau gáfu nokkur ágæt en pínulítill ber þann 20/8, sko þau.



Haraldur og Jóhannes týna hindber.

'Gamla Akureyri'

Svört hindber.

Sex Fræplöntur.

Lifna mjög snemma yfirleitt um miðjan vetur kala lítið miðað við það. Hafa blómstrað en ekki náð að þroska ber.

Brómber:

Ein fræplanta 2004

Lifði ekki fyrsta veturinn sinn.

Sifjaklungur og bjarnarber

Fimm fræplöntur úr Lystigarðinum 2002. Blómstruðu ágætlega og komu eitt sinn með hálf ber. Ekki þótti ástæða til að halda upp á þessar plöntur. Einhverja restar eru til af þeim. Athugandi væri að fá hreinar sortir í ræktun, ekki fræplöntur.

Laxaber:

Tvær plöntur Blómstruðu og komu með falleg og bragðvond ber 2004. Kól niður í rót 2005 og hent. Laxaber eru til hist og her í skógum og gördum og auðvelt að nálgast þau.

Eplatré:

1. Astrakan Gyllen 1999
2. Transpant Blance 1999
3. Rödluvan 2000
4. Sävstaholm 1999
5. Röd Haugmann 2003

Engin blómgun var í eplum í ár líklega vegna þess hvað haustið 2005 var svalt. Blöð eplatrjáanna eru smá og krumpuð og þau bera það með sér að það er eitthvað að. Hvort sem það er sjúkdómur, þurrkur eða kuldi. Þrátt fyrir þetta vaxa eplatrén ár frá ári þó hægt fari. Árið 2003 kom Rödluvan með epli (Eintala) og haustið 2004 Kom Astrakan með tíu mjög lítil en æt epli og Sävstaholm eitt.

Kirsuber:

1. Stella 2003
2. Erly rivers 2005
3. Merton glory 2005
4. Merton premier 2005
5. P.cerasus (Morell) 2005
6. Rauhalan kirsikka 2005
7. Stella 2005
8. Van 2005

Kirsuber litu illa út í vor. Það var engin blómgun, líklega vegna haustkulda og þar að auki kal sem ég tel að sé vorkal. Þetta kal lýsti sér þannig að ekki voru endilega heilar greinar dauðar heldur nokkur brum á grein á meðan önnur lifðu. Auk þess er í plöntunum sjúkdómur sem veldur kvoðu blæðingu. Eina tréð sem leit mjög vel út var það finnska Rauhalan kirsikka. Annars höfðu trén öll náð se allvel á strik um haustið. Árið 2004 gaf 'Stella' Ágæta uppskeru af vel þroskuðum berjum.

Plómur:

- 1-7 Anttola 2006 (7 stykki)
- 8-14 Kuntalan Punaluumu (7 stykki)
- 15-17 kuokkala (3 stykki)
- 18-22 Sinikka (5 stykki)
- 23-28 Yleinen Sinikriikuna (6 stykki)

Eins og nöfnin gefa til kynna er hér um finnskar sortir að ræða. Þessar plöntur komu hingað frá Hvanneyri en þar voru þær gróðursettar haustið 2004. Af öllum yrkjum voru 7 stykki gróðursett upphaflega svo kannski segir það eitthvað um harðgerði að þegar við tveim vetrum síðar hafi nokkuð drepist af sumum yrkjum en ekkert öðrum.

Jarðarber:

(Abundace)

Bounty

Dania

Glima

Honeyoe

Jónína

Korona

Senga sengana

Zephir

Skrautjarðarber

Villijarðarber

K1 –K14 Fjórtán klónar af heimaræktuðum plöntum.

Jarðarberja uppskeran var sein þetta árið fullum tíu dögum eftir undanförunum árum. Ástæða þess er kaldur maí. Þá var uppskera lítil og ástæða þess er líklega svalt haust 2005 sem leiddi til lítillar blómgunar.

Ranabjalla var enn á staðnum en vökvun með permasect snemmsumars á unglöntur og nýgróðursetningar virðist hafa haldið henni í skefjum.

Það skemmtilegasta í jarðarberjarækt ársins var að fylgjast með heimalingunum sem fengu nafnið K1-k14. Þeir urðu til við stýrða frjóvgun tveggja yrkja sumarið 2004. Niðurstaðan var mjög athyglisverð. Þrjár plöntur voru geldar, aðrar blómstruðu á mjög mismunandi tíma og berjastærð og bragð var mjög mismunandi. Nokkur yrki eru það lofandi að ástæða er til að fylgjast með þeim betur næstu ár. Sérstaklega vakti K-9 miklar vonir.



Að lokum

Þrátt fyrir erfitt vor þá rættist mjög úr sumrinu og vonandi skilar það sér í mikilli blómgun að vori. Hvert ár ber með sér nýjar spurningar og ný svör, og ekki síst nýjar væntingar.

Þrátt fyrir að oft séu gallarnir sýnilegri en kostirnir þá hefur ræktunin og ekki síst ræktunnar dagbókin sem fylgt hefur með frá upphafi skilað okkur miklum upplýsingum sem nýtast til áframhaldandi uppbyggingar.

Helgi Þórsson Kristnesi 6/12 2006